

Nd.

385. Frumvarp til laga

[171. mál]

um húsnæði fyrir félagsheimili Sambands íslenskra barnakennara.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Sambandi íslenskra barnakennara er heimilt að taka eignarhluta sinn í húsinu nr. 30 við Þingholtsstræti í Reykjavík til nota fyrir félagsstarfsemi sína.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í Sambandi íslenskra barnakennara eru allir barnakennarar landsins, á sjöunda hundrað að tölu. Til þessa hefur S. Í. B. ekki átt húsnæði, heldur verið á hrakhólum með aðsetur fyrir starfsemi sína. En nýlega hefur það keypt hluta af hinu nýja húsi Þingholtsstræti 30 í Reykjavík. Eignarhluti S. Í. B. er á fyrstu hæð hússins, og er hann gerður sem fjögurra herbergja íbúð. Frumvarp þetta felur í sér heimild handa S. Í. B. til að taka þetta húsnæði til nota fyrir félagsstarfsemi sína.

Húsnæði það, sem hér um ræðir, hefur aldrei verið notað til íbúðar.